

Alþingi
Erindi nr. P 131/1315
komudagur 15.4.2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum, 659. mál.

Samtök iðnaðarins leggjast gegn því að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Samtök iðnaðarins hafa verið talsmenn þess að reka Tryggingardeild útflutnings (TRÚ). Fyrir nokkrum árum voru áhöld um hvort starfi hennar yrði haldið áfram og beittu Samtök iðnaðarins sér þá fyrir því að efnt var til samstarfsverkefnis um reksturinn og lögðu til hans tvær milljónir króna á ári í þrjú ár. Sama gerðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins.

Verkefnið fólst í því að kynna starfsemina meðal íslenskra fyrirtækja og banka, lögum var breytt til þess að greiða fyrir starfseminni og gerður samstarfssamningur um áhættumat við sænska stofnun, EKN, sem veitir hliðstæða þjónustu þar í landi. Samstarfsverkefnið um rekstur TRÚ rennur út 15. apríl nk. Allir aðilar sem að verkefninu stóðu eru sammála um að það hafi í sjálfu sér tekst vel en að umsvif TRÚ hafi ekki aukist í samræmi við það sem vonir stóðu til.

Samtök iðnaðarins telja að það sé í verkahring ríkisvaldsins að standa straum af kostnaði við starfsemi af þessu tagi og að ríkið ábyrgist þau verkefni sem TRÚ gefur út ábyrgðir fyrir. Það sé ekki í verkahring annarra.

Eftir að frumvarpið var lagt fram hefur komið í ljós sterkur og skýr vilji margra félagsmanna Samtaka iðnaðarins um að starfseminni verði haldið áfram. Ekki sé liðinn nægilega langur tími frá endurreisn TRÚ til að taka ákvörðun um að hætta starfseminni. Þörfin fari vaxandi á næstu misserum og þá sé ómetanlegt að hafa aðgang að þjónustu TRÚ í samningaferli við erlenda viðskiptavini líkt og keppinautar hjá hliðstæðum aðilum í sínum heimaríkjum þótt ekki komi alltaf til þess að þjónustan sé nýtt þegar upp er staðið. Aukin umsvif sprotafyrirtækja og áhersla á hátækniíðnað hafi í för með sér að starfsemi TRÚ verði að vera fyrir hendi til þess að greiða fyrir viðskiptum á erlendum mörkuðum. Þá megi ekki gleyma því að ef vel tekst til eigi rekstur TRÚ að geta orðið sjálfbær og rúmlega það þegar til framtíðar er horft, líkt og er t.d. með EKN í Svíþjóð.

Samtök iðnaðarins taka undir þessi sjónarmið og leggja eindregið til að hætt verði við að leggja starfsemi Tryggingardeildar útflutnings niður.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdmarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri